



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í hádegisverði  
bæjarstjórnar Klakksvíkur  
Færeyjum  
18. maí 2017**

Bæjarstjóri Klakksvíkur,  
bæjarfulltrúar,  
lögmaður,  
aðrir góðir gestir.

Það er okkur hjónum mikil ánægja að heimsækja Klakksvík nú í fyrsta sinn og sjá stað ég hef svo oft heyrt að góðu getið. Margir Íslendingar hafa komið hingað sem ferðamenn eða í tengslum við sjósókn á liðnum áratugum og Klakksvík hefur líka komið við sögu í verkum íslenskra rithöfunda. Má þar nefna þá nafna, Einar Má Guðmundsson og Einar Kárason.

Ég þakka líka það tækifæri sem ég fékk fyrr í dag til að fræðast um bæjarfélagið, hitta heimafólk, heimsækja fyrirtæki og skoða Kristjánskirkjuna og listaverk sem hana prýða. Hér er greinilega öflugt og samheldið samfélag, ríkur metnaður til að efla undirstöður atvinnulífs og treysta hag íbúanna.

Ég sagði áðan að Klakksvík hefði komið við sögu í verkum íslenskra rithöfunda. Í því efni má rifja upp að skáldið Hannes Hafstein, sem var fyrsti forsætisráðherra Íslands, birti árið 1883 stutt kvæði sem ber heitið Í Klakksvík og tekur þar til þess hve bærinn minni sig á heimahagana: „Fjallgirða fagra Vík, / fósturlands stöðvum lík, vorsólin veki þig, vorblómin þeki þig!“ Kvæðið ber með sér hlýjan hug skáldsins í garð íbúa hér og má bæta því við að hann var aðeins 21 eða 22 ára þegar kvæðið birtist í dagblaði. Mér finnst sennilegt að hann hafi komið til Klakksvíkur á ferðum sínum milli Íslands og Kaupmannahafnar þar sem hann var við háskólanám; kannski hefur hann fundið til heimprár til Íslands þegar hann leit til Klakksvíkur.

Klakksvík hefur lengi verið viðkomustaður íslenskra farmanna og sjómanna. Sjá má á ferðaskrá skipa um aldamótin 1900 að á leið sinni til Íslands

komu þau við í Trangisvogi, Þórshöfn og Klakksvík og ein í ferðalýsingu frá 1902 kemur fram að farmenn sóttu hrogn og lýsi til Klakksvíkur.

Það er skemmtilegt að glugga í fyrstu tölublöð Norðlýsisins, blaðs sem kom fyrst út í Klakksvík 16. apríl 1915, og var sagt tilraun til að hefja blaðaútgáfu í Færeyjum utan Þórshafnar. Blaðið gefur innsýn í þau málefni sem voru efst á baugi í hugum íbúa á þessum tíma, fyrstu árum fyrri heimstyrjaldarinnar.

Fyrsta fréttagreinin fjallar um stríðið mikla og hefst á þessum orðum: „Aldrig i Historien har man hørt Tale om et saa grusomt og infernalt Menneskeslagteri, som den nuværende Verdenskrig har ført med sig.“ Fréttin er skrifuð á dönsku vegna þess að prentsmiðjan á ekki til færeyska stafi en Simon P. Zachariasen ritstjóri lofar að það standi til bóta. Greinarhöfundur veltir fyrir sér hvað verði um Færeyjar ef Danmörk dragist inn í stríðið.

Aðalgreinin í næsta tölublaði fjallar um ranghugmyndir Dana um Færeyjar, „at de Danskes Forestillinger om Færøerne og færøske Forhold har været meget vage og forvrængede“ sem höfundur reynir að ráða bót á. Ef til vill hefur þurft að skrifa einhverjar fleiri greinar til að klára þetta mál.

Þarna er líka að finna pistil um frístundir, „Fritidsbeskæftigelse“, og gefa inngangsorð hennar nokkra mynd af lífsbaráttunni hér í plássinu:

At de fleste Færinger om Sommeren kæmper saa haardt i Kampen for Tilværelsen, at der ikke bliver megen Tid tilovers til að dyrke andre Interesser end dem, der hører til Dagliglivets ensformige Stræben, kender de fleste af Erfaring. Sommertiden er optaget af Fiskeri, Tørv- og Markarbejde, og hvert Öjeblik maa benyttes hvis Udbyttet kan blive nogenlunde tilfredsstillende.

Men de mørke Nætters Tid kommer med Storme, Regnslud og Frostvejr, saa man for en stor Del er nødsaget til at holde sig inden Døre.

Greinarhöfundur hvetur unga fólkið til að nota tímann vel og stunda bóklestur að vetrinum þó að „kvöldseta“, sem við Íslendingum þekkjum vel og köllum „kvöldvökur“, heyri nú sögunni til.

Þá vil ég að síðustu nefna að það er til marks um náin tengsl Íslendinga og Færeyinga að fyrsta fréttamyndin sem Norðlýsið birtir er teiknuð mynd af nýjum forsætisráðherra Íslands, Einari Arnórssyni lagaprófessor. Með fylgir grein um íslenska fjárlagafrumvarpið, „Det islandske Finanslovsforslag“ sem telja má markvert í þessu blaði sem var aðeins fjórar síður í litlu broti.

Engum dylst að margt hefur breyst á þeim rúmlega hundrað árum frá því þetta allt var skrifað í Norðlýsið. Í dag birtist okkur blómlegur bær í Klakksvík,

Þróttmikið atvinnulíf og stórhugur. Og tengsl við umheiminn eru nú með betri brag en þegar Sameinaða danska gufuskipafélagið kom hingað á nokkurra vikna fresti og tók upp 118 tonn af hrognum eða ámóta farma og fjölmiðlun var á fósturstigi.

En ég fagna því að tengslin milli Klakksvíkur og Íslands eru jafn sterk nú og þau hafa verið á liðinni öld; og í þeim anda bið ég viðstadda að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs vináttu okkar og íbúum Klakksvíkur.